


ATHUGANIR Á SEIÐASTOFNUM
MÝRARKVÍSLAR 1988 OG 1990

TUMI TÓMASSON

Hólum, maí 1991

VMST-N/91003X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasöfn



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

ATHUGANIR Á SEIÐASTOFNUM
MÝRARKVÍSLAR 1988 OG 1990

TUMI TÓMASSON

Hólum, maí 1991

VMST-N/91003X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

ATHUGANIR A SEIDASTOFNUM MYRARKVISLAR 1988 OG 1990

INNGANGUR

Laxrækt í Myrarkvísl á sér nokkra sögu. Veiðifélag var stofnað 1967 og var helsta markmið þess í fyrstu að byggja fiskveg í Þverárfossa og rækta upp laxastofn á svæðinu þar fyrir framan. Gerð laxastiga var lokið haustið 1969 og 1971 var farið að sleppa sumaröldum laxaseiðum fyrir framan stigann. Árið 1970 var sleppt gönguseiðum fyrir framan stigann.

Í rafveiðum sem Jón Kristjánsson framkvæmdi sumarið 1975 og Arni Ísaksson vorið 1977 kom í ljós að hrygning laxa fyrir ofan stiga hafði fyrst tekist 1973 (klak 1974) og skv heimildum varð fyrst vart við verulega umferð um laxastigann 1975, sem kom vel heim og saman við smáseiðasleppingar á svæðinu.

Í athugunum Jóns og Arna kom í ljós að urriðaseiði voru u.þ.b. 30% af heildarseiðamagni árinna og þéttleiki seiða virtist mestur skammt fyrir ofan stigann en minnkaði eftir því sem ofar dró. Báðir mæltu þar með auknum sleppingum sumaralda seiða.

Eg hef engar nánari upplýsingar um seiðasleppingar á svæðinu, en Ari Teitsson ráðunautur hefur fylgst með seiðastofnum árinna og rafveitt mikinn fjölda seiða í Myrarkvísl nálægt Þverá, sem síðan hafa verið flutt fram í á þar sem uppeldisskilyrði eru góð en nýliðun ófullnægjandi. Síðast voru slíkar rafveiðar og seiðaflutningar framkvæmdar 1986 þegar seiði voru flutt fram í Kringlugerðisá.

LYSING A ANNI

Það eru einkum hitafar og botngerð sem ákvarða skilyrði fyrir laxaseiði í ám. Nýting uppeldisskilyrða þar sem þau eru fyrir hendi ákvarðast síðan fyrst og fremst af ásetningi, þ.e. seiðabéttleika og stærðardreifingu seiða. Hér er órstutt lýsing á Myrarkvísl, sem búsvæði fyrir laxaungviði, til að setja niðurstöður rafveiðanna í samhengi.

Myrarkvísl er af blönduðum uppruna. Hún kemur úr tveimur stöðuvötnum sem temprá mjög rennsli árinna, en nokkrar dragár, einkum Þverá, sem í hana falla gefa henni einnig einkenni dragár. Áin er laxgeng allt fram í Kringlugerðisá sem fellur úr Kringluvatni.

Uppeldisskilyrði í Kringlugerðisá eru víðast mjög góð. Áin er hly og næringarrík eins og oftast er um ár sem falla úr vötnum. Hún er víða grytt og þar eru skilyrði fyrir laxa-seiði best.

Um tveimur km fyrir neðan Kringluvatn fellur í ána köld og snauð dragá og þar fyrir neðan eru uppeldisskilyrði því lakari. Þegar neðar dregur og nær Langavatni hlynar áin heldur aftur, en á móti kemur að hún verður einnig hallaminni og botngerðin því finni. Þessi kafla árin getur fóstorað laxaseiði, en ekki í miklu magni. Fyrir neðan Langavatn fellur Myrarkvísl í lygnum stökk allt niður fyrir Þjóðveginn. Á þessum kafla eru ekki skilyrði fyrir laxaseiði.

Skammt fyrir neðan brúna eru gryttar flúðir og þar fyrir neðan, eins langt og áin var skoðuð (um 4 km) skiptast á grytt brot, breiður og hyljir. Á þessum kafla má segja að áin sé kjörin laxá. Hún hefur ákjósanlega botngerð, er næringarrík, hly og með tiltölulega jafnt rennsli vegna áhrifa Langavatns.

Niður hjá Þverá er áin stríð, fremur skjóllítill og Þverá kælir hana einnig töluvert.. Fyrir neðan fossana fellur áin í gryttu gili en síðan dregur úr hallanum, eftir því sem neðar dregur verða botnefnin finni og botninn skjólminni og uppeldisskilyrði fyrir laxa fara almennt ryrnandi allt niður í Myrarkvísl.

VEIÐIN Í MYRARKVÍSL

Ekki eru til áreiðanlegar heimildir um laxveiði í Myrarkvísl, en hún virðist hafa verið um 50-80 laxar í byrjun 8. áratugarinnis, en er komin í rúma 200 laxa á árinu 1974. Síðan er veiðin nokkuð jöfn (Tafla 1) en vex mjög 1985 og 1986.

Þegar þessar veiðitölur eru skoðaðar ber að hafa í huga að laxveiði á Norðurlandi er yfirleitt mjög sveiflukend og var almennt léleg 1980-1984, eftir mjög góð veiðiár 1975-1979. Þetta mynstur er ekki að sjá í veiðinni í Myrarkvísl og má ætla að landnám laxsins fyrir ofan stiga hafi bætt upp versnandi skilyrði fyrir lax vegna óhagstæðs tíðafars og/eða sjávarskilyrða í upphafi níunda áratugarins.

Hluti göngunnar í Myrarkvísl er veiddur í Laxá og má gera ráð fyrir að sá hluti sé í öfugu hlutfalli við stærð göngunnar upp Eðarfossa.

NIDURSTÖÐUR RAFVEIÐA OG UMRÆÐA

Vorið 1988 var rafveitt á sex stöðum (Mynd 1) og vorið 1990 var rafveitt á fjórum neðstu stöðunum. Aðstæður til rafveiða voru góðar 1988 en fremur erfiðar 1990, einkum á stöðum 5 og 6, vegna mikils vatns í ánni. Við rafveiddum einnig haustið 1989 en þær veiðar gengu erfiðlega vegna tíðra bilana í tækjum og erfiðra rafveiðiskilyrða. Þær niðurstöður sem þá fengust sýna í raun ekkert meira en rafveiðarnar vorið eftir og er því sleppt hér.

Samantekt á niðurstöðum rafveiðanna eru að finna í Tölflum 2 og 3 og á Myndum 2 og 3.

Lax hefur greinilega gengið fram fyrir Langavatn til hrygninga, en ekki í miklum mæli. Það mætti fá betri nyttingu á uppeldisskilyrðum þessa svæðis, allt fram að Kringluvatni með seiðasleppingum.

Seiðabúskapur árinna fyrir neðan Langavatn er almennt í góðu lagi. Laxinn má heita orðið einráður í ánni sem bendir til að landnámi hans sé nú lokið. Uppeldissvæðin henta laxi almennt betur en urriða og þess vegna vikur urriðinn þegar laxahrygning eykst. Seiði ná flest göngubroska á þremur árum en það dregur úr vaxtarhraða seiða eftir því sem neðar dregur. Þetta veldur því að æ herra hlutfall gönguseiða er fjögurra ára við útgöngu eftir því sem neðar dregur og afleiðingin er sú að það hlutfall framleiðslugetu árinna sem skilar sér í gönguseiðum fer minnkandi og það hlutfall sem fer í að fóstura seiði sem deyja áður en þessu stigi er náð fer vaxandi.

Minnkandi seiðavöxtur á sér þrjár megin orsakir. Frjósemisáhrifa Langavatns getir æ minna eftir því sem neðar dregur, botngerðin verður skjólminni (einkum á stöðum 5 og 6) sem þýðir að framleiðslugeta botnsins minnkar og minna er um skjól fyrir seiði og loks er aukin seiðabéttleiki neðar í ánni.

Til að bæta uppeldisskilyrðin og skilvirkni framleiðslugetunnar í gönguseiði er auðveldast að reyna að hafa áhrif á hrygninguna neðantil í ánni og þar með seiðabéttleikann. Eg mæli eindregið með því að reynt verði að takmarka hrygningu neðantil í ánni með auknum veiðum á þessu svæði. Þetta mætti gera á ymsan hátt t.d. með ádrætti að haustinu eða með því að takmarka umferð hrygna upp laxastigann. Þeir laxar sem ganga fyrst eru oftast að ganga lengst þannig að það gæti verið gott að fjarlægja hrygnur úr síðari hluta göngunnar.

Laxinn hefur líklega verið að nema land fram Myrarkvísl allt fram undir þennan tíma og þessi stöðuga aukning á framleiðslusvæði sem stendur á bak við laxagöngurnar hefur að miklu leiti komið í veg fyrir sveiflur í laxgengdinni. Héðan í frá má búast við auknum sveiflum vegna samkeppnisáhrifa innan og milli seiðaárganga nema reynt verði að stjórna ásetningu seiða þannig að framleiðslugeta árinna nytist sem best til gönguseiðaframleiðslu.

Tafla 1. Laxveiði í Mýrarkvísl frá 1975, skv veiðibókum.

Ar	Smálax	Stórlax	Samtals
1990	102	86	188
1989	171	68	239
1988	210	77	287
1987	132	120	252
1986	359	131	490
1985	321	67	388
1984	59	156	215
1983	175	73	248
1982	103	76	179
1981	220	20	240
1980	30	137	167
1979	134	63	197
1978	174	47	221
1977	145	36	181
1976	73	48	121
1975	111	72	183

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxa- og urriðaseiða eftir aldri í Myrarkvísl 8. júní 1988.

Fjöldi veiddra laxa og urriðaseiða á hverja 100 m²

Stöð n	Stærð m	Lax				Urriði
		1+	2+	3+	4+	>1+
1	30x6	-	2.8	0.5	0.5	2.8
2	40x10	0.2	-	1.0	-	0.4
3	15x40	3.3	1.3	0.5	-	0.2
4	30x15	20.4	6.2	0.2	-	1.4
5	30x15	22.4	6.7	1.3	0.2	-
6	25x15	8.0	3.5	0.5	-	0.3


Tafla 3. Fjöldi veiddra laxa- og urriðaseiða eftir aldri í Myrarkvísl 6. júní 1990.

Fjöldi veiddra laxa og urriðaseiða á hverja 100 m²


Stöð n	Stærð m	Lax				Urriði
		1+	2+	3+	4+	>1+
3	20x10	-	15.0	0.5	-	-
4	35x8	2.8	15.3	1.1	0.3	-
5	3x40	2.5	5.8	3.3	-	0.8
6	40x6	1.2	0.4	0.8	-	0.4

wp
myra.90


Skjálfandi



Mynd 1. Afstöðumynd af Mýrarkvísl og rafveiðistöðum 1988 og 1990.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Mýrarkvísl 8. júní 1988. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).




Mynd 2a. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Mýrarkvísl 8. júní 1988. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

LAX



URRIÐI



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxa- og urriðaseiða í Mýrarkvísl 6. júní 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).